

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

115. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 5. október 2010 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá;

1. Viðræður við skólastjóra tónlistarskóla (kl.16:00)
 - umsókn um próf hjá prófanefnd tónlistarskóla.
 - drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011
2. Viðræður við skólastjóra leikskóla (kl. 16:30)
 - Innritunarreglur
 - Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla
3. Viðræður við skólastjóra grunnskóla (kl. 17:00)
 - úttekt á starfsemi grunnskóla.

Afgreiðslur:

1.
 - Söngnemendur Þórhalls Barðasonar geta sjálfir sótt um að taka próf hjá Prófanefnd Tónlistarskóla óháð því að vera skráðir nemendur í Tónlistarskóla Vestur Húnavatnssýslu.
 - Elínborg Sigurgeirsdóttir fór yfir starfshlutfall kennara og stundakennara við skólann fyrir nk. skólaár. Elínborg Sigurgeirsdóttir er með 100% kennslu ásamt 30,6 tímum í kennsluyfirvinnu á mánuði, Ólöf Pálsdóttir er í 79,93% starfi, Daníel Geir Sigurðsson er með 94,47% , Guðmundur Hólmar Jónsson er í 81,7 % starfi. Stundakennarar eru Sigrún Dögg Pétursdóttir með 19.5 % Guðmundur Helgason 24,26% Páll Eyjólfsson er með 6,32 % og Ingibjörg Pálsdóttir er með 11,7% starf. Heildarstöðugildafjöldi við skólann er 3,18%. Elínborg kynnti áætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun fyrir 2011. Elínborg lýsti yfir ánægju með aukningu í nemendafjölda við skólann á skólaárinu frá fyrra ári.
2.
 - Innritunarreglur. Fræðsluráð gerir ekki athugasemdir við drög leikskólastjóra að innritunarreglum og samþykkir þær fyrir sitt leyti og vísar innritunarreglunum til afgreiðslu sveitarstjórnar.
 - Leikskólastjóri telur að í flestu hafi tekist vel til við innleiðingu og framkvæmd nýrra laga um leikskóla. Fræðsluráð tekur undir hugmynd leikskólastjóra um samstarf við aðra leikskólastjóra í nágrennsveitarfélögum við gerð innra- og ytra mats á leikskólastarfi. Leikskólastjóri fór yfir að í núverandi skólanámskrá er orðin ákveðin skekkja vegna breytinga á innra starfi skólans. Er ætlunin að ráðast í vinnu á endurskoðun námskrárinnar ásamt starfsfólki leikskólans á árunum 2011-2012.
3.
 - Skólastjóri fór yfir viðbrögð eftir opinn kynningarfund í Félagsheimilinu á Hvammstanga vegna úttektar mennta og menningarmálaráðuneytisins. Fræðsluráð lýsir yfir ánægju með að hratt og vel hafi verið brugðist við úttekt ATTENTUS og vel unnið að sjálfsmatsskýrslu skólans í kjölfarið. Skólastjóri lýsti því ferli sem nú tekur við, í vinnu vegna sjálfsmatsskýrslu í kjölfar úttektarinnar, innan skólans, starfsmannahópsins og hjá foreldrum.

- Almennar umræður urðu á fundinum m.a um Olweusaráætlun, samræmd próf, lesblindu, stærðfræðikennslu og upplýsingarkerfið Mentor.
- Skólastjóri gerði grein fyrir starfinu framundan.

Önnur mál:

- Kynnt eineltisátakið Stöðvum einelti. Sem eru opnir borgarafundir. Fundirnir eru liðir í eineltis átaki sem Heimili og skóli – ásamt fleirum aðilum og styrktaraðilum halda á 11 stöðum á landinu. Fræðsluráði er bent á fundi í næsta nágrenni. Deildarstjóri stoðþjónustu sækir fundinn af hálfu Grunnskóla Húnaþings vestra.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Ína Björk Ársælsdóttir situr fundinn sem fulltrúi foreldra í leik- og grunnskóla. Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi starfsmanna Leikskólans Ásgarðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.),

Gísli G. Magnússon(sign.).
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Helena Halldórsdóttir fundarritari(sign.).